

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 14/95
frá 24. febrúar 1995**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 9/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/94 frá 7. nóvember 1994 um breytingu á
I., II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um
sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾
skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II.
viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- 394 R 2701: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/94 frá 7. nóvember
1994 (Stjtið. EB nr. L 287, 8. 11. 1994, bls. 7).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 147, 2. 3. 1995, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 76.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 287, 8. 11. 1994, bls. 7.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/94 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 24. febrúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G.J.L. Avery

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker